Fjórföld einkasýning

Ungir listamenn í Kjarvalssal

Gegnt Septem-sýningunni í vestursal Kjarvalsstaða, sýna 4 ungir listamenn í Kjarvalssal. Það eru þeir Árni Ingólfsson, Daði Guðbjörnsson, Kristján Steingrímur og Tumi Magnússon. Allir hafa þeir sýnt verk sín áður og eru þekktir sem fylgismenn hins svokallaða nýja málverks.

Þetta er forvitnileg sýning og uppsetning hennar afmarkar myndheim hvers listamanns fyrir sig þannig að fremur mætti flokka hana sem fjórfalda einkasýningu en samsýningu. Þannig sýna fjórmenningarnir útsjónarsemi á þessum síðustu og verstu tímum. Þeir leigja einn sal og skipta honum upp í fjóra. Þannig minnka þeir sýningarkostnað um þrjá fjórðu á mann.

Mikil gerjun

Allir eru sýnendur í örri mótun og hvergi örlar á neinum lokaniðurstöðum eða stílfestingu. Þeir eru opnir fyrir tilraunum án þess að persónuleg tjáning þeirra bíði af hnekki. Árni Ingólfsson sem er þeirra elstur (fæddur 1951), er jafnframt þeirra hamslausastur.

Ég játa það að oft hefur mér dottið í hug að Árni væri yfrið of hömlulaus og anarkískur í list sinni. En samkvæmt kenningunni að veikleiki sé styrkur og öfugt, þá hef ég aldrei séð sýningu með honum þar sem ekki hefur slegið mig stórskorinn kraftur hans. Hvort heldur hann málar eða gerir höggmyndir, fæst hann ávallt við voldugar útlistanir.



Að þessu sinni slær mig stjarnan, höggmynd úr múrsteinum sem liggur á gólfinu. Bak við þetta verk leynist angist, tilvistarkennd viðbrögð gagnvart brostnum vonum. Stjarna er bjartsýnistákn, en sem múrverk er hún afskræmi og kúgunartákn. Þrátt fyrir viss þýsk áhrif í þessu verki, er það kraftmikið og inntakið er markvisst.

Kristján Steingrímur sver sig í ætt við hinn drungalega expressionisma og á það sammerkt með Árna. En málverk hans eru samt sem áður af allt öðrum toga spunnin. Þau eru goðsagnakennd og rómantísk, norræn að inntaki, þótt aðferðir hans minni oft á franska abstraktmálarann Soulage. Það er áræði í þessum stóru og myrku myndum. Þær hafa til að bera epískan þunga sem oftar en ekki minna á dramatík íslenskra fornbókmennta.

Léttleiki og kímni

Þeir Daði Guðbjörnsson og Tumi Magnússon eru andstæður þeirra sem áður er getið. Yfir verkum þeirra hvílir viss kímni og léttleiki, þrátt fyrir alvarlega undirtóna. Hinn fyrrnefndi sýnir grafík, mestmegnis steinprent og hefur hann náð miklu valdi yfir þeim miðli. Þar blandast aðskiljanlegustu áhrif sem sumpart má rekja til Picassos og Klees, en einnig til alþýðlegra skopmynda í stíl við danska grínblaðið Hudibras.



„Stjarna" eftir Árna Ingólfsson.

Þessi sérstæð „barok-stíll" Daða byggist á miklum teiknihæfileikum og leikni. Þó raskast hvergi jafnvægið milli skreytieinkenna og inntaks og í fléttunum er fólgið visst stílrænt háð sem gefur öllum myndunum tvíræða merkingu. Það verður vart annað sagt en Daða hafi opnast miklir möguleikar gegnum stílbrigði sem þó eru afgerandi og hann hafi kunnað að notfæra sér þá.

Tumi er einnig íronískur og kemur það skýrt fram í frjálsum fantasíum hans. Stundum hafa verk hans jaðrað við að vera hirðuleysislega unnin. En hér eru myndir sem telja verður til hins besta sem hann hefur gert. Ávextirnir er áleitið verk og gefur til kynna ótvíræða málarahæfileika hans. Hann beitir þar vissri blekkingartækni (trompe l'oeil) í bland við sérstæða og maleríska takta.

Sýning fjórmenninganna bendir til þess að í hinni nýju list felist frjórri og margbreytilegri tjáning en áður hefur sýnst. Menn virðast vera opnari fyrir möguleikum og tefla því hæfileikunum fram af meiri staðfestu og sjálfsöryggi. Um leið verða þeir sannari og persónulegri. **–HBR**


Strengur frá meginlandinu

Karen Agnete Þórarinsson sýnir í Gallerí Borg.

Í hinu nýstofnaða Gallerí Borg við Austurvöll eru til sýnis verk eftir Karen Agnete Þórarinsson. Það eru 13 olíumálverk unnin á undanförnum fjórum árum. Karen Agnete fæddist í Kaupmannahöfn árið 1903, en fluttist til Íslands árið 1929 ásamt eiginmanni sínum Sveini Þórarinssyni listmálara. Þau hjónin unnu mjög náið að list sinni og sýndu saman á fjölmörgum samsýningum um allt land. Þetta er fyrsta einkasýning Karen Agnete hér á landi, en hún hefur haldið einkasýningu í Kaupmannahöfn.

Innileiki

Karen Agnete Þórarinsson er þroskaður listamaður sem hefur fullkomið vald yfir þeim yrkisefnum sem hún fæst við. Það sem hún sýnir á Gallerí Borg eru mannamyndir og uppstillingar. Það er eftirtektarvert að allnokkur munur er á stílbrigðum eftir því hverrar tegundar málverk hennar er. Uppstillingarnar eru mun litsterkari en mannamyndirnar og minnir litavalið ósjaldan á Louisu Matthíasdóttur, með því hún teflir saman andstæðum og skýrt afmörkuðum litaflötum. Yfirbragðið er þó ætíð raunsætt.



Kona með kerti. 1980. Eftir Karen Agnete Þorarinsson.

Á hinn bóginn eru mannamyndir hennar mildari í litaspili og töluvert í ætt við hefðir meginlandsins. Þær eru innilegar og gæddar manneskjulegri hlýju. Þær eru einnig óvenjulega vel útfærðar og sýna að Karen Agnete býr yfir miklum formbyggingarhæfileikum og þróttmiklum teiknistíl.

Hvergi sameinast þessir þættir betur en í myndinni af konu með kerti (nr. 1) og fólkinu við borðið (nr. 4). Kona með kerti byggir bæði á næmu litavali og mikilli tilfinningu fyrir ljósi og skuggum. Þetta gefur myndinni dýpt sem er einstæð og yrkisefnið vex fyrir augum manns. Í hinni myndinni er áherslan á niðurröðun fólksins við borðið og sækir Karen Agnete þar föng til franska málarans Cézanne, en einnig til danskrar raunsæislistar. Þessi blanda er svo útfærð á persónulegan og sannfærandi hátt.

Síðbúin sýning

Það er merkilegt að Karen Agnete skuli nú í fyrsta sinn halda einkasýningu. Hún er á níræðisaldri og hefur starfað að list sinni allt frá miðjum þriðja áratugnum, þegar hún var við nám í Akademíunni í Kaupmannahöfn. Þessi hlédrægni hefur verið með öllu óþörf því listamaðurinn býr yfir nægum hæfileikum, eins og fram kemur á þessari sýningu og sést einnig á öðrum myndum hennar sem prýða íslensk söfn.

Uppruni hennar kemur einnig skýrt fram í efnisvali og aðferðum. Það gerir sérstöðu hennar enn eftirtektarverðari í íslenskri list. Hún fæst ekki við hið opna svið landslags eins og svo margir íslenskir málarar af hennar kynslóð, heldur kýs hún að dvelja við hið lukta rými stofunnar, hið hægláta og kyrra líf borgaralegs umhverfis.

Að þessu leyti flytur hún með sér streng sunnan úr Evrópu sem rekja má allt aftur til hollenskrar 17. aldar listar, einkum málara á borð við Vermeer og de Hooch. Frá Hollandi bárust straumarnir til Danmerkur eftir krókaleiðum og blönduðust öðrum strengjum frá meginlandinu. Það er m.a. Karen Agnete að þakka að hingað skuli þeir svo berast í formi einlægrar og persónulegrar listar hennar. **HBR**

Stefnumót glervina

Staðfesting nýrrar listgreinar á Íslandi

Stefnumót glervina nefnist sýning á gangi Kjarvalsstaða og opnaði um mánaðamótin. Þar sýna fjórir glerlistamenn listmuni sína. Það eru þau Finn Lynggaard, Tchai Munch, Sören Staunsager Larsen og Sigrún Ólöf Einarsdóttir.

Það er ekki oft sem við eigum þess kost að skyggnast inn í veröld glerlistar, enda er hún ung í samanburði við aðrar listgreinar hér á landi. Það er staðreynd að áhugi manna fyrir listum vex eftir því sem þeir tengjast þeim nánar. Hingað til hafa Íslendingar einungis kynnst glermunum sem aðfluttri eða innfluttri list, annað hvort frá Finnlandi, Svíþjóð, Tékkóslóvakíu eða Ítalíu. Sumpart hefur verið um nytjahluti að ræða ellegar smáhluti svo sem öskubakka, skálar eða vasa. En þessi innflutningur þótt góðra gjalda verður sé, hefur ekki kveikt neinn brennandi áhuga á glerlist, heldur slævt skilning manna á gildi hennar.

Hlutirnir tala

Með þeim Sigrúnu Ó. Einarsdóttur og Sören S. Larsen sem tekið hafa sér bólfestu í Bergvík, Kjalarnesi, höfum við allt í einu komist í nána snertingu við þessa list. Þau hafa heldur ekki látið sitt eftir liggja í kynningum á list sinni. Og það er þeim að þakka að nú fáum við tækifæri til að kynnast auk þeirra, verkum tveggja danskra glerlistamanna sem standa í fremstu röð á þessu sviði.

Ef ég hef einhvern tíma látið að því liggja að listir væru eins konar gullgerðarlist, þá á það betur við um glerlist en nokkuð annað. Þar er andanum bókstaflega blásið í efnið. Allt gerist á því augnabliki þegar seigjan er enn rauðglóandi og til þess að ná valdi á öllum smáatriðum þarf snögg og örugg handtök. Þetta krefst einbeitni og útsjónarsemi þar sem öllu andlegu og líkamlegu þreki listamannsins er safnað saman í afmarkaðan tímapunkt.

Þetta er undirstaða þess að glerið lifni og tali sínu máli með formi og litbrigðum. Og þessum fjórum listamönnum tekst að fá gler sitt til að tala.

Fágað handbragð

Fágun er í fyrirrúmi. Finn Lynggard sem mesta reynslu á að baki og kennt hefur þeim Sigrúnu og Tchai Munch, er talandi dæmi um listamann sem brugðið hefur sér í hin margvísustu líki með frábærum árangri. Nemendur hans hafa lært af honum þá list að aga sig við einfalt og snjallt form, sniðganga allt skrúð og draga fram hlutina eins og tæra og ferska og tæknin leyfir. Skálar Munch og vasar Sigrúnar bera þessu órækt vitni.

Sören Larsen sýnir okkur svo stílrænt næmi sitt í vösum sem unnir eru sumpart sem náttúruform og sumpart sem geometrískir hlutir. Samruni móderníska og hefðbundinna þátta gerir verk hans sterk og persónuleg.

Þessi sýning ætti að verða Íslendingum innblástur til frekari sóknar á sviði listiðna um leið og hún staðfestir glerlistina í sessi. Dagar einstreymis í formi innfluttra glermuna eru taldir, því það sýnir sig að hér er kominn persónulegur og frumlegur vísir að þjóðlegri glerlist sem getur mætt því besta á jafnréttisgrundvelli.

–HBR